



Alþingi
Erindi nr. *Þ 139/1:903*
komudagur *2.4.2011*

Til Nefndarsviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 2. apríl 2001

Umsögn um frumvarp til laga um heilbrigðisstarfsmenn.

Almenn umsögn.

Félag íslenskra félagsliða fagnar því að sett verði ein samræmd og nútímaleg lög um heilbrigðisstarfsmenn og telur slíkt vera almennt til mikilla bóta fyrir bæði heilbrigðisstarfsmenn og notendur heilbrigðisþjónustunnar.

Athugasemd við 3. gr. um tilgreiningu löggiltra heilbrigðisstétta.

Félagið gerir athugasemd við að starfsheitið félagsliði er ekki með í upptalningunni yfir löggiltar starfsstéttir heilbrigðisstétta. Sambærileg starfsstétt er til t.d. á hinum norðurlöndunum, löggilt og er á lista yfir heilbrigðisstéttir. Má hér nefna *Social- og sundhedshjælper* í Danmörku og *Omsorgsarbeider* í Noregi.

Félagsliðar hér á landi starfa víða, s.s. á sjúkrahúsum, öldrunarstofnunum, sambýlum fatlaðra, félagsþjónustu, dagþjónustu, skólum, vemdudum vinnustöðum og stofnun fyrir ósakhæfa afbrotamenn.

Starf félagsliða felst í að efla og styðja sjálfstæða virkni á heilbrigðis-, félags- og menntunarsviði. Veita stuðning og umönnun þar sem þarf einstaklingsins eru hafðar að leiðarljósi. Skjólstæðingar félagsliða eru oftast einstaklingar eða hópar sem vegna röskunar á þroska, veikinda, öldrunar eða áfalla þurfa á stuðningi og þjónustu að halda. Störf félagsliða falla vel undir 4. lið 2. gr. lagafrumvarpsins.

Í starfi sínu geta félagsliðar þurft að ganga inn í sérstakar aðstæður og oft viðkvæm einkamál sjúklingsins.

Félag íslenskra félagsliða leggur því til að starfsheitið félagsliði verði tekið upp hið fyrsta inn í listan yfir löggiltar heilbrigðisstéttir og væri slíkt til samræmis við starfsheitaáskrár á Norðurlöndunum og Evrópu. Einnig er vísað til bréfs dags. 7. des. 2009 frá Heilbrigðisráðuneytinu til Félags íslenskra félagsliða þar sem segir að störf félagsliða séu mikilvæg og ættu ekki síður að vera löggilt en ýmis störf innan heilbrigðisþjónustunnar.

Virðingarfyllt,

Jóhannes A. Levy
Formaður

Félag íslenskra félagsliða

www.felagslidar.is – felagslidar@felagslidar.is